

Alþingi
Erindi nr. P 131/1426
komudagur 20.4.2005

Borgarnesi 17.04.2005

Nefndasvið Alþingis
B.t. Sjávarútvegsnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

UMSÖGN

Erindi: Frumvarp til laga um uppboðsmarkaði sjávaraflla, 677. mál, heildarlög.

Það er með ólíkindum hvernig framþróun fiskmarkaða hefur snúist í andhverfu sína, frá því að vera eðlilegir uppboðsmarkaðir með samkeppni sín á milli, sem og á milli kaupanda, í það að verða niðurtalningamarkaður með gerræðislegri fákeppni, þar sem fiskkaupendur "eigendur" markaðanna ráða verðlagningu fiskjarins hverju sinni.

Hvað varðar ofangreint erindi fer Félag kvótabátaeigenda vinsamlegast fram á:

- að öll umgjörð fiskmarkaða verði rækilega endurskoðuð, þar sem réttur seljanda verði tryggður til jafns rétti kaupanda,
- að uppboð verði lögleidd í stað niðurtalningar,
- að eignarhald verði dreift og
- að algert gegnsæi ríki.

Hvað varðar 6. gr. í ofangreindu erindi v/laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins erum við einhuga um, að krafist sé greiðslutryggingar af kaupanda, en hvað varðar téðan kafla laganna, hrís okkur hugur yfir doða og vanvirðu þingmanna í garð Umboðsmanns Alþingis, vegna úrskurðar nr. 3204/2001, ákvæði 6 og 8.

Er ekki kominn tími til að hysja upp um sig buxurnar???...

**Virðingarfyllst,
F.h. Félags kvótabátaeigenda**

Hermann Björn Haraldsson, form.
sign.